



Útskrift í Aftur í nám, namar með Valgerði Snæland kennara.

Ársskýrsla Fjölsmiðjunnar 2019

Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun. Stofnaðilar eru Rauði kross Íslands, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Vinnumálastofnun og Velferðarráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið, Atvinnuleysistryggingasjóður og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggja til rekstrarfé uppá 119 m.kr. á árinu 2019. Um 32.7 % af rekstrartekjum Fjölsmiðjunnar árið 2019 um 39 m.kr er sjálfsaflafé frá einstökum deildum hennar sem gerir um 22,3 m.kr. í framlegð upp í fastan kostnað Fjölsmiðjunnar. Framlegð Fjölsmiðjunnar lækkar aðeins á milli ára og framlög eru óbreytt.

Stjórn

Elín Oddný Sigurðardóttir, formaður Reykjavíkurborg

Gissur Pétursson, Velferðarráðuneyti

Helgi Kristjánsson, Menntamálaráðuneyti

Hrafnhildur Tómasdóttir, Vinnumálastofnun


Páll B. Guðmundsson, SSH

Samkvæmt skipulagsskrá Fjölsmiðjunnar fundar stjórn reglulega yfir árið og fara fundirnir oftast fram í húsakynnum hennar. Árið 2019 voru haldnir 7 stjórnarfundir, með aðalfundi þann 21. maí 2019 vegna ársins 2018. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál er varðar starfsemina, bæði fjárhagslega og skipulagslega.

Almennt um starfsemina:

Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun og vinnusetur fyrir ungt fólk með það að markmiði að gefa því tækifæri til að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám.

Fjölsmiðjan er ætluð fólk á aldrinum 16-24 ára. Á árinu 2019 voru alls 102 nemar af velferðarsviðum höfuðborgarsvæðisins skráðir í Fjölsmiðjuna sem er um 41% fleiri en 2018. Þetta er fyrir utan einstaklinga frá VMST sem voru 34 á árinu 2019, samtals 136 einstaklingar. Það voru 3 einstaklingar sem tóku út samfélagsþjónustu í Fjölsmiðjunni á vegum Fangelismálastofnunar og gekk það samstarf mjög vel. Myndband um starfsemi Fjölsmiðjunnar var m.a. unnið í samráði við einn einstakling í samfélagsþjónustu.



Margir nemar Fjölsmiðjunnar hafa átt við andleg og félagsleg vandamál að stríða í langan tíma. Kvíði, þunglyndi og vanvirkni eru áberandi þættir. Að komast upp úr kvíða og þunglyndi getur tekið langan tíma og krefst mikillar þolinmæði.

Skv. rekstrarreikningi var rekstrartap upp á 1,8 m.kr. Eigið fé félagsins í árslok 2019 nam um 12,7 m.kr. sem lækkaði um 12% á milli ára.

Fjármál og rekstur Fjölsmiðjunnar hefur alltaf verið stór hluti af daglegu starfi og krafan um tekjuöflun mikilvægur þáttur í starfinu. Það er styrkur Fjölsmiðjunnar að afla tekna, vinnan verður sýnilega einhvers virði og nemarnir sjá að þeir skipta máli á vinnustaðnum. Heildarframlegð af sértekjum Fjölsmiðjunnar dróst saman á milli ára þó aðallega í einni deild.

Fjölsmiðjan hafði yfirleitt næg verkefni, þó var það mismunandi á milli deilda og vinnustaðurinn gekk ágætlega. Nemar Fjölsmiðjunnar heimsóttu nokkur fyrirtæki á árinu og farið var í tvö ferðalög sem tókust mjög vel.



Drög að námseiningakerfi Fjölsmiðjunnar liggja fyrir og stefnt er að því að hefja formlega kennslu með haustmánuðum 2020 með fyrirvara um samþykki Menntamálastofnunar. Hjördís B. Gestsdóttir nýr náms- og starfsráðgjafi kom til starfa um mitt ár 2019 og tók þetta mál föstum tökum. Náms- og starfsráðgjafi var sömuleiðis skilgreindur sem staðgengill forstöðumanns.

Fræðsludeildin sinnti einstökum þörfum nema. Haldin voru tvö formleg nokkurra vikna námskeið í samstarfi við símenntunarstofnunina Framvegis. Annars vegar „Aftur í nám“ undir leiðsögn Valgerðar Snæland sem nemendur fengu einingar fyrir og hins vegar HAM nám, undir leiðsögn sérfræðings frá Reykjalundi þar sem áhersla var lögð á að leiðrétta hugsanaskekkjur. Um 20 nemendur okkar sóttu þessi tvö námskeið með góðum árangri og ánægju. Áhugasviðskannanir voru einnig framkvæmdar á vegum Framvegis.

Aldís Jónsdóttir verktaki sá um íslenskukennslu fyrir útlendinga sem komu inn á vegum VMST og tókst það fyrirkomulag ágætlega. Nemar frá VMST voru yfirleitt í sex vikur í senn og fengu afhent útskriftarskírteini frá Fjölsmiðjunni í lok vinnutímans sem þau gátu nýtt t.d. við atvinnuleit.

Líkamsræktaraðstöðu var komið upp í fyrrverandi skrifstofurými á 2. hæð með góðum fjárhags stuðningi Oddfellow stúkunnar Leifs Heppna nr. 19 fyrir tilstuðlan Helga Kristjánssonar heitins sem var stjórnarmaður Fjölsmiðjunnar.



Bíladeildin hefur haldið sínu striki og er með fyrirtæki í föstum viðskiptum en einstaklingar halda uppi fjöldanum í kaupum á þjónustunni. Að jafnaði eru afgreiddir um 3-4 bílar á dag eftir mönnun deildarinnar hverju sinni.

Trésmíðadeildin hefur m.a. sinnt viðhaldi Fjölsmiðjunnar. Einn stærsti viðskiptavinurinn deildarinnar er Norðuál á Grundartanga. Lagður var grunnur að því í lok árs að hefja brettasmíði á ný.

Veitingadeildin gekk vel, afgreiddir voru um 10.000 matarskammtar fyrir utan nema og starfsmenn sem er aukning frá árinu 2018. Hætt var með veitingasölu á föstudögum m.a. til að koma meira til móts við nema Fjölsmiðjunnar hvað félagsþáttinn varðar. Þetta fyrirkomulag auðveldar okkur að bæta innra starf okkar.

Tæknideildin (Rafdeild – Tölvudeild) hefur aðallega verið í því undanfarin ár að taka tölvur í sundur og flokka til endurvinnslu. Um mitt ár misstum við samning við Terra sem hafði útvegað okkur tölvur til niðurrifs þar sem Terra hafði misst samning við Sorpu vegna þessa búnaðar. Nýr deildarstjóri Tæknideildar var ráðinn í lok árs. Mikil vinna hefur farið í að endurskoða verkefni deildarinnar.

Handverksdeildin er ein fjölmennasta deildin í Fjölsmiðjunni og þar eru stúlkur í meirihluta. Mörg verkefni handverksdeildar hafa tengst ferðaiðnaðinum og því verkefnin svolítið sveiflukennd.

Á vormánuðum tókst að klára launasamninga við starfsmenn Fjölsmiðjunnar.

Áherslur í starfi:

- Er að stuðla að heilbrigðum og farsælum venjum í daglegu lífi með frekara nám og þátttöku almennt í lífinu í huga.
- Almenn fræðsla um leiðir til að auka vellíðan byggt á rannsóknum, sbr. Fimm leiðir að vellíðan skv. Landlækni.
- Skapa fyrirtækjamenningu Fjölsmiðjunnar sem vonandi endurspeglar það sem okkar nemar munu upplifa m.a. út á vinnumarkaðnum.
- Meta framfarir og veita endurgjöf til nema og forráðamanna eftir möguleikum skv. regluverkinu.
- Stuðla að jákvæðri hugsun, farsælli hegðun og góðu líkamlegu ástandi sem aftur leiðir til bættrar heilsu.
- Áherslur í starfseminni séu í takt við aðstæður í þjóðfélaginu.
- Miðað er við þarfir VMST og Velferðarþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu, en eðlilega í takt við okkar fjárhagsgetu, starfsmanna fjölda, aðstöðu og verkefni.
- Þjóða nemum sem ekki hafa lokið formlegu grunnskólanámi möguleika á því að fá viðurkenndar námseiningar á 1. þrepi í ákveðnum fögum.



Hugmyndaflug nema....

Starfsmannamál:

Töluverðar breytingar urðu í starfsmannahópi Fjölsmiðjunnar á árinu. Nýr náms- og starfsráðgjafi Hjördís B. Gestsdóttir kom til starfa um mitt ár 2019. Davíð Bergmann er nýr aðstoðardeildarstjóri á Tæknideild, hann kom til starfa í upphafi árs. Margrét Jónasdóttir er nýr deildarstjóri Handverksdeildar, kom einnig til starfa í upphafi árs. Ásbjörn E. Torfason er nýr deildarstjóri Tæknideildar og kom til starfa í lok árs. Ívar Kjartansson var ráðinn í byrjun árs sem aðstoðar- matreiðslumeistari í Veitingadeild.

Þorleifur Guðjónsson sem var deildarstjóri Tæknideildar lét af störfum á haustmánuðum. Valgeir Skagfjörð deildarstjóri fræðsludeildar lét af störfum í lok árs. Sólveig Þ. Þorvaldsdóttir sem var náms- og starfsráðgjafi en hafði verið í veikindaleyfi frá því á haustmánuðum 2018 lét formlega af störfum í byrjun árs 2019. Fjölsmiðjan vill þakka þeim öllum fyrir farsæl störf í þágu Fjölsmiðjunnar.

Starfsemi deilda:

Bíladeild:



Það er dekrað við viðskiptavininn...bílinn.

Seld þjónusta deildarinnar var uppá 3,6 m.kr. sem er aðeins lækkun tekna á milli ára og framlegð um 3,2 m.kr sem er svipað á milli ára.

Bíladeildin þrífur og bónar bíla sem notaðir eru m.a. í heimahjúkrun hjá Heilsugæslu höfuðborgarinnar og heimaþjónustu Reykjavíkurborgar, Sorpa, Þekking og N1 eru einnig alltaf í viðskiptum. Þjónusta við Brimborg minnkaði töluvert á milli ára. Þjónusta við einstaklinga hefur aukist á milli ára.

Starfið á deildinni er í nokkuð föstum skorðum, reglur við móttöku og skil á bílum. Mikið lagt upp úr því að vanda vinnubrögð.

Umsjónarmaður deildarinnar hefur fengið tjonabíla frá tryggingafyrirtæki (TM) til niðurrifs. Þannig geta nemar lært og undirbúið sig til frekara náms í vinnu við bíla.

Deildarstjóri bíladeildar er með meistararéttindi í bifreiðasmíði.

Deildarstjóri er Gunnar Guðjónsson



Bíll sem við fengum gefins frá Myllunni og bíladeildin tók í gegn skv. forskrift Gunnars deildarstjóra og í samstarfi við bílaviðgerðarfyrirtækið Bílastjörnuna.

Trésmíðadeild:



Guðmundur deildarstjóri

Seld þjónusta ársins var 3,4 m.kr sem er svipuð velta og frá fyrra ári, framlegðin var 2,8 m.kr., óbreytt á milli ára.

Verkefni fyrir Norðurál koma reglulega og ýmis verkefni önnur falla til, m.a. var byrjað á framleiðslu duftkerja í samstarfi við aðila sem framleiðir og selur líkkistur. Við fengum líka nýtt verkefni frá Vaki sem framleiðir búnað fyrir fiskeldisiðnaðinn.

Deildin sér einnig um allt viðhald fyrir Fjölsmiðjuna, bæði hvað varðar húsnæði og innanstokksmuni.

Auk þess tekur deildin þátt í mörgum átaksverkefnum sem þarf að vinna, svo sem að merkja dósir sem innihalda orkudrykki. Umsjónarmaður deildarinnar sér um alla gerð og prentun starfsmanna auðkenniskorta ásamt fleiru tilfallandi.

Lagður var grunnur að því á árinu að hefja brettaframleiðslu á ný.

Mikil fjölgun hefur orðið á deildinni.

Deildarstjóri trésmíðadeildar er húsasmiður.

Deildarstjóri er Guðmundur Hrafnkelsson, hann hefur einnig borið ábyrgð á framleiðslu starfsmannakorta (tölvudeild) sem velti um 2,5 m.kr. á árinu með um 2 m.kr. framlegð. Þessi framleiðsla leynir á sér í orðsins fyllstu merkingu.



Grunnur var lagður að brettasmíðinni á árinu 2019.

Veitingadeild



Valdimar matreiðslumeistari (til hægri) að bjóða Ívar matreiðslusvein velkominn til starfa.

Seld þjónusta var uppá 18,6 m.kr. sem er um 21% hækkun á milli ára, framlegð reyndist 4,3 m.kr. sem er um 1 m.kr. hærri framlegð frá fyrra ári. Seldir voru um 10.000 matarskammtar á árinu.

Sala til matargesta á föstudögum var hætt m.a. til að auka sveigjanleika í félagsstarfi nema. Í staðinn fyrir hádegismat er borinn fram „Brunch“ við mikla ánægju nema.

Veitingadeildin sér um að þjónusta nema Fjölsmiðjunnar með morgun- og hádegismat samhliða því að selja hádegismat til viðskiptavina.

Fastir liðir eins og þorablót í hádegi á bóndadegi, hrekkjavaka/veturnætur á allra heilagramessu og skötuveisla fyrir jólin krydda tilveruna.

Menntamálastofnun er áfram í viðskiptum, auk nokkurra minni fyrirtækja sem kaupa mat flesta daga. Einnig eru seld matarkort sem tölvudeildin útbýr og þá er einnig hægt að kaupa staka máltíð.

Mjög mikil aðsókn var í hádegismatinn og mikið álag á starfsmenn og nema.

Í veitingadeild eru nú tveir starfsmenn með meistararéttindi í sínu fagi og þar með miklir möguleikar fyrir kennslu á sviði veitingareksturs. Vissulega læra nemar alla daga með því að taka þátt í daglegum störfum deildarinnar.

Deildarstjóri er Valdimar Fjörnir Heiðarsson og aðstoðarmaður Ívar Kjartansson (kom jan. 2019).



Sláturgerð

Tæknideild

Seld þjónusta ársins var uppá 8,3 m.kr, tekjulækkun uppá 23,6% á milli ára, framlegð um 7,7 m.kr. sem er lækkun um 23%. Þessi breyting er aðallega tilkomin vegna minni umsvifa þar sem að Terra, okkar viðskiptaaðili með tölvur, missti samning sinn við Sorpu.

Tæknideildin var í samstarfi við Terra Efnamóttöku, Sorpu og Góða hirðinn. Deildin fór yfir öll rafmagnstæki sem gefin voru í nytjagáma Sorpu, lagfærði það sem hægt var án tilkostnaðar og henti því sem var í ólagi. Tækin voru merkt sem yfirfarin og seld í Góða hirðinum.

Samstarf við Efnamóttökuna felst í því að taka í sundur tölvur, sem á að farga. Tölvurnar eru sundurhlutaðar skv. reglum um förgun, harði diskurinn er eyðilagður, prentplötturnar sendar úr landi til endurvinnslu og rest fer í endurvinnslu í Furu.

Deildin kemur að Sorpuverkefninu með því að yfirfara tölvubúnað sem kemur í nytjagáma eða er gefinn til Fjölsmiðjunnar. Reynt er að koma tölvunum í notkun en annars er þeim fargað skv. reglum.

Deildin safnar köplum og rafmagnssnúrum og selur til Íslenska gámafélagsins.

Deildin setur saman færribönd fyrir Marel og jarðbindivíra og kapla fyrir Vodafone.

Deildarstjóri tæknideildar var Þorleifur Guðjónsson en hann lét af störfum á haustmánuðum. Fjölsmiðjan vill þakka Þorleifi fyrir farsælt starf í þágu Fjölsmiðjunnar. Ásbjörn Torfason tók við sem deildarstjóri í des. 2019. Við bjóðum hann velkominn til starfa. Ljóst er að mikil vinna verður fólgin í því á nýju ári að efla deildina á ný eftir samdrátt í verkefnum. Aðstoðarmaður í Tæknideild er Davíð Bergmann (kom í des. 2019).



Handverksdeild

Seld þjónusta handverks- og pökkunardeildar var 2,6 m.kr. sem lækkar um rúmar 2 m.kr. á milli ára, framlegðin var um 2,3 m.kr. og lækkar sömuleiðis um rúmar 2 m.kr. Eins og áður hefur komið fram þá hefur deildin mikið verið að vinna fyrir ferðaiðnaðinn og hann hefur verið sveiflukenndur.

Á myndinni hér fyrir neðan er dæmi um vöruþróun á jólagjöf sem deildin hannaði fyrir Viator ferðabjónustufyrirtæki, heklaðir borðklútar sem pakkað var í umbúðir sem hentaði óskum viðskiptavinarins. Margrét Jónasdóttir deildarstjóri stendur hér fyrir framan vöruna sem við fórum svo með í Póstinn til dreifingar.



Deildin var opnuð aftur í apríl 2017 í formi handverks og pökkunar. Hugmyndin var að heppilegt væri að skipta upp vinnulaginu og þegar ekki væru verkefni í pökkun gætu nemar unnið handverk. Raunin varð sú að stöðug verkefni í pökkun hafa haldið handverkinu nánast alveg úti. Deildarstjóri var Sigurlaug Þorsteinsdóttir en hún hætti á haustmánuðum 2018. Gengið var frá ráðningu Margrétar Jónasdóttur í des. 2018 í hennar stað og kom hún til starfa í jan. 2019. Ætlunin var að auka vægi sköpunar og listar á árinu 2019.

Fræðsludeild :



Fræðsludeildina sá Valgeir Skagfjörð kennari um.

Hann sinnti ýmsum verkefnum tengt því að efla einstaka nema Fjölsmiðjunnar með almennri fræðslu og markþjálfun. Valgeir beitti fjölbreyttum nálgunum til að efla nemana okkar og fór það eftir styrkleikum hvers og eins.

Sumir nemar hafa haft möguleika til að þjálfa sig í söng og hljóðfæraleik, gítar eða píanó sem dæmi.

Ætlunin er að auka lífsleikni og hreyfingu hjá nemum Fjölsmiðjunnar á árinu 2020.

Valgeir leysti líka af í öllum deildum á árinu 2019, hann fór í veikindaleyfi á haustmánuðum og hætti störfum í lok árs 2019. Við þökkum Valgeiri fyrir farsæl störf í þágu Fjölsmiðjunnar.

Ráðgjöf og kennsla:

Náms- og starfsráðgjafi aðstoðar nema við að sækja um vinnu eða skóla og skipuleggja nám sitt. Þá fá nemar ýmis konar ráðgjöf, geta tekið áhugasviðspróf, fyllt úr starfsferilskrár og fengið stuðning við það sem þeir eru að vinna að hverju sinni. Eins veitir ráðgjafi nemum persónulega ráðgjöf. Nenum í Fjölsmiðjunni stendur til boða að stunda nám samhliða störfum í Fjölsmiðjunni, t.d. í 1- 3 áföngum. Fer það þannig fram að umsjónarmaður ráðgjafar fer með nemanum í gegnum það hvaða áfanga sé best að taka og hvaða áfanga þeir séu búnir með. Oft er þetta gert í samvinnu við náms- og starfsráðgjafa í viðkomandi skóla. Sumir nemar eru að byrja aftur þar sem frá var horfið en aðrir hafa aldrei farið í framhaldsskóla og jafnvel ekki lokið grunnskólaprófi.

Það er stórt skref að hefja nám að nýju, sérstaklega þegar minningar frá fyrri skólagöngu eru ekki góðar og valda jafnvel vanlíðan hjá nemunum. Þeir nemar sem fara í skóla samhliða starfi í Fjölsmiðjunni eiga mikið hrós skilið fyrir dugnað og áræðni.



Fjölsmiðjan á Höfuðborgarsvæðinu og Menntamálastofnun hafa átt í viðræðum á árinu til að finna leið til að geta boðið nenum Fjölsmiðjunnar einingar fyrir veru sína í Fjölsmiðjunni. Stefnt er að því að gera samning á árinu 2020 við ákveðna skóla með ofangreint í huga.

Hugsunin á bak við þetta einingarkerfi er sú að nemarnir okkar sem taka þátt geti farið með slíkar einingar með sér í framhaldsskóla og fengið þær metnar þar.

Hjördís B. Gestsdóttir er náms- og starfsráðgjafi Fjölsmiðjunnar og staðgengill forstöðumanns. Hún kom til starfa um mitt ár 2019.

Nemar:

Á árinu 2019 voru alls 102 nemar af velferðarsviðum höfuðborgarsvæðisins skráðir í Fjölsmiðjuna sem er um 41% fleiri en 2018. Að auki komu 34 einstaklingar frá VMST. Samtals fóru því 136 einstaklingar í gegnum Fjölsmiðjuna á árinu 2019. Flest allir einstaklingarnir frá VMST voru af erlendum uppruna og sóttu íslenskunámskeið samhliða vinnuúrræðinu í Fjölsmiðjunni. Það voru 3 einstaklingar sem tóku út samfélagsþjónustu í Fjölsmiðjunni á vegum Fangelsismálastofnunar og gekk það samstarf mjög vel. Myndband um starfsemi Fjölsmiðjunnar var m.a. unnið í samráði við einn einstakling í samfélagsþjónustu.




Stúlkur voru um 33 % nema og drengir um 67 %. Meðalaldur nema var um 19 ár og yngst 17 ára.

Samhliða vinnuúræðinu voru haldin tvö formleg nokkurra vikna námskeið í samstarfi við símenntunarstofnunina Framvegis. Annars vegar „Aftur í nám“ undir leiðsögn Valgerðar Snæland þar sem nemendur fengu einingar fyrir og hins vegar HAM nám, undir leiðsögn sérfræðings frá Reykjalundi þar sem áhersla var lögð á að leiðrétta hugsanaskekkjur. Um 16 nemendur okkar sóttu þessi tvö námskeið með góðum árangri og ánægju. Áhugasviðskannanir voru einnig framkvæmdar á vegum Framvegis.

Afdrif nema sem hættu í Fjölsmiðjunni á árinu 2019 eru á þann veg að 2 nemar fóru í vinnu á almennum markaði, 5 fóru í skóla, 1 fór í fæðingarorlof, 2 var sagt upp, 1 örorka, ekki erindi (í Fjölsmiðjuna) hjá 2, veikindi 3 og 10 voru ekki tilbúnir að mæta

og 13 einstaklingar sem ekki náðist viðunandi árangur í a.m.k. þessari lotu. Það kemur fyrir að einstaklingar mæta aftur þegar þeir eru tilbúnir. Flestir sem hætta er vegna einhverskonar veikinda, þar vegur þungt kvíði, þunglyndi og vanlíðan af ýmsu tagi.



Margir nemar Fjölsmiðjunnar hafa átt við andleg og félagsleg vandamál að stríða í langan tíma. Kvíði, þunglyndi og vanvirkni eru áberandi þættir. Að komast upp úr kvíða og þunglyndi getur tekið langan tíma og krefst mikillar þolinmæði. Fjölsmiðjan telur mikil tækifæri til að auka gæðin á starfseminni sinni m.a. með aukinni fræðslu og stuðningi af sálfræðingi í Fjölsmiðjunni.

Nokkur dæmi um einkenni hópsins...

- ADHD
- Dyslexía
- Þunglyndi
- Kvíði
- Depurð
- Einhverfuróf (Asperger, ódæmigerð, dæmigerð)
- Geðraskanir
- Vinaleysi eða fáir vinir
- Oft brotið bakland
- Tungumálaerfiðleikar, íslenska...
- Án fjölskyldu
- Brotin sjálfmynd
- Skólaforðun
- Trú á eigin getu – oft lítil
- Framtíðarsýn – óskýr
- Stundum saga um neyslu
- Saga um einelti (oft langvarandi)
- Ljúf og einlæg
- Mjög hver mjög listhneigð
- Mjög góð ensku kunnátta
- Tölvu- og tækni, mikill áhugi
- Sérþæk þekking

Með árunum virðist eins og andleg og félagsleg vanlíðan aukist til muna og í Fjölsmiðjuna koma margir einstaklingar með fjölþætt vandamál af þeim sökum. Nú er orðið svo að neysluvandinn er minna áberandi en var í byrjun en almenn vanlíðan er stærra viðfangsefni.

Margir náðu markmiðum sínum og því ber að fagna. Í Fjölsmiðjuna koma oft einstaklingar með lítið sjáfstraust í upphafi en fara héðan sem sterkir einstaklingar í vinnu eða skóla. Best gengur þegar allir geta unnið saman, fjölskylda, skóli, meðferðaraðilar, ráðgjafar og viðskiptaaðilar Fjölsmiðjunnar svo eitthvað sé nefnt.

Aðstæður nemanna eru mjög misjafnar, frá því að búa við bestu aðstæður hjá foreldrum, í að vera algjörlega á eigin vegum í lífinu. Margir nemandar eiga slæmar minningar úr grunnskóla, til dæmis vegna eineltis og námsörðugleika. Það er mikill sigur að fá nema til að vilja fara aftur í skóla og sérstaklega ef þeim getur liðið vel í skólanum. Samstarf við þá framhaldsskóla sem nemarnir sækja gengur undantekningalaust vel og aðilar skólanna eru mjög viljugir að koma til móts við þarfir nema Fjölsmiðjunnar, sem í byrjun náms geta verið af ýmsum toga.

Til að fá vinnu í Fjölsmiðjunni þurfa nemandar að sækja skriflega um. Þeir sem sækja um þurfa að vera í sambandi við Félagsþjónustu eða Vinnumálastofnun vegna

þjálfunarstyrkja sem þeir eiga rétt á. Fjölsmiðjan er í góðu samstarfi við félagsþjónustur sveitarfélaganna og aðra sem vinna að málefnum ungmenna.

Nemar fá greitt fyrir vinnu sína skv. aldri og ástundun.

Greitt er mánaðarlega frá Fjölsmiðjunni og innheimt til baka frá sveitarfélögum og Vinnumálastofnun hefur séð um greiðslur til sinna skjólstæðinga.

Nemarnir okkar frá Velferðarsviði höfuðborgarsvæðisins eru mis virkir til vinnu og náms og styrkleikar þeirra ólíkir. Þess vegna þurfum við að hafa þjónustuna eins einstaklingsmiðaða og aðstæður okkar leyfa. Margt er sameiginlegt með nemum félagsþjónustunnar t.d. svefnleysi, einhverfa, einbeitingarskortur, kvíði, depurð, þunglyndi og félagsfælni, sem dæmi. Sömuleiðis, sérgáfur ýmsar um tölvur, tölvuleiki, bíla og tækni svo eitthvað sé nefnt. Einstaklingarnir eru flestir mjög vel enskumælandi, listhneigðir og ljúfir að eðlisfari. Það er því ögrandi verkefni að finna leiðir til að auka vellíðan og virkni nemanna.

Einstaklingar frá VMST eru yfirleitt góður stuðningur við einstaklinga af Velferðarsviðunum og oftast en ekki virk til vinnu og náms þó það sé ekki algilt. Þeir þurfa eftir sem áður mismunandi stuðning og hvatningu eins og aðrir sem sækja Fjölsmiðjuna.

Einn mikilvægasti þátturinn í starfseminni er að nemarnir skynji löngun okkar til að ná árangri við það að auka vellíðan þeirra. Þarfir nema eru án efa mismunandi og leiðirnar til að ná árangri eru líka margar, hver þeirra er farsælust má örugglega deila um.

Við viljum styðjast við hvað rannsóknir segja um farsælar leiðir að vellíðan. Þess vegna viljum við leggja áherslu á „Fimm leiðir að vellíðan“ skv. ábendingum frá Landlæknis embættinu. Að auki þurfum við að þjálfva vinnulag og kenna handverk og skapa jákvæða fyrirtækjamenningu sem nemar okkar vonandi upplifa út í atvinnulífinu. En á endanum byggist árangurinn á starfinu á því að neminn axli ábyrgð á eigin lífi samhliða því sem við bendum honum á mögulegar leiðir til þess. Okkur langar til að reyna að auka sértekjur Fjölsmiðjunnar með t.d. aukinni sköpunarvinnu frá hugmynd að vöru, þróun hennar og markaðssetningu. Það krefst þátttöku nemanna okkar og þjálfar þau í þeirri hugsun sem fylgir því að skapa vöru og vonandi eykur sértekjur Fjölsmiðjunnar. Þetta er í takt við anda Fjölsmiðjunnar frá stofnun hennar árið 2001.

Ársskýrsla Fjölsmiðjunnar 2019



Jólastemning 2019.....